

## **Fundargerð 51. stjórnarfundar Vestfjarðastofu & Fjórðungssambands Vestfirðinga**

Haldinn í fjarfundi og í fundarsal Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 15. febrúar 2023 kl 12.00.

Mætt voru til fundar Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður (fjarfundur), Lilja Magnúsdóttir (fjarfundur), Nanný Arna Guðmundsdóttir (fjarfundur), Kristján G Jóakimsson, Neil Shiran Þórisson (fjarfundur), Magnús Ingi Jónsson og Elísabet Gunnarsdóttir (fjarfundur).

Auk þeirra mætti til fundar Finnur Ólafsson, áheyrnarfulltrúi Kaldrananeshrepps (fjarfundur)

Fundinn sátu jafnframt Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri sem ritaði fundinn.

Formaður kannaði með boðun fundarins og dagskrá. Engar athugasemdir komu fram og setti hún fundinn.

Formaður kynnti bréf frá Aðalbjörgu Óskarsdóttur, stjórnarmanns Vestfjarðastofu, þar sem hún tilkynnir úrsögn sína úr stjórn Vestfjarðastofu vegna veikinda. Stjórn þakkar Aðalbjörgu fyrir störf hennar í stjórn Vestfjarðastofu, áhuga og eftirfylgni verkefna í atvinnu og byggðamálum á Vestfjörðum. Stjórn sendir Aðalbjörgu hlýjar kveður og þakkar farsælt samstarf.

Stjórn samþykkir að Marta Guðrún Jóhannesdóttir, varafulltrúi taki sæti Aðalbjargar fram að næsta ársfundi Vestfjarðastofu.

### **Fundur stjórnar Vestfjarðastofu**

1. Endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða – áherslur kynntar
2. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða 2023 – 2024
3. Siðareglur stjórnar og starfsmanna Vestfjarðastofu og FV
4. Könnun um viðhorf til fiskeldis og samgangna – kynning á niðurstöðum
5. Samningur við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðapróun
6. Aðildargjöld hagsmunaaðila – Sóknarhópur Vestfjarðastofu
7. Dagsetning ársfundar Vestfjarðastofu og stofnfundar Sóknarhóps hagsmunaaðila
8. Skýrsla framkvæmdastjóra

### **Fundur stjórnar FV**

9. Búndin framlög Jöfnunarsjóðs til landshlutasamtaka sveitarfélaga 2023
10. Dagsetningar 68. Fjórðungspings Vestfirðinga, vor og haust
11. Lagt fram til kynningar
  - a. Fundargerð 89. fundar stjórnar SSSNV 10. janúar 2023  
Fundargerð 90. fundar stjórnar SSSNV, 7. febrúar 2023
  - b. Fundargerð – 47. fundar stjórnar SSNE 18. janúar 2023 -
  - c. 590. stjórnarfundur SASS. 3. febrúar 2023
  - d. 133. fundur stjórnar Austurbrúar 7. nóvember 2022
  - e. Endurskoðuð þingmálaskrá Alþingis, 153. löggjafarþing
  - f. Byggðáætlun 2018-2022. Greinargerð innviðaráðherra um framkvæmd
12. Umsagnir:
  - a. Afgreiddar umsagnir

- i. Samráðsgátt: Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (veiðistjórn grásleppu)
- b. Umsagnarbeiðnir  
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu (úrbætur á pósthjónustu), 531. mál.
- c. Umsagnir til skoðunar
  1. Matvælaráðuneyti. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða)
  2. Dómsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 29/2023, „Sameining héraðsdómstóla“.
  3. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 33/2023, „Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál“.
  4. Matvælaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 30/2023, „Drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu“.
  5. Matvælaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 31/2023, „Drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu“.
  6. Tillaga til þingsályktunar: tónlistarstefna fyrir árin 2023--2030 (Mál 689)
  7. Tillaga til þingsályktunar myndlistarstefna til 2030 (Mál 690)

## Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

### 1. Endurskoðun Sóknaráætlunar Vestfjarða – áherslur kynntar

Til máls tók Jóhanna Ösp Einarsdóttir og mælti fyrir efni málsins.

Um er að ræða tillögur að endurskoðum áherslum í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 á miðju tímabili áætlunarinnar og gildir fyrir árin 2023 og 2024. Byggt er á vinnu samráðsvettangs Sóknaráætlunar á síðasta hausti og umræðu á 67. Fjórðungsping Vestfirðinga.

Til máls tóku auk Jóhönnu; Kristján, Magnús, Nanný, Lilja, Finnur og Shiran

Tillaga um endurskoðaðar áherslur skiptist í fjóra kafla.

Atvinna og nýsköpun, tillagan rædd og gerð tillaga um breytingu. Tillagan samþykkt með áorðnum breytingum.

Umhverfi og skipulag tillagan rædd og gerð tillaga um breytingu. Tillagan samþykkt með áorðnum breytingum.

Samfélag, tillagan rædd og gerð tillaga um breytingu. Tillagan samþykkt með áorðnum breytingum.

Menning, tillagan rædd og gerð tillaga um breytingu. Tillagan samþykkt með áorðnum breytingum.

Tillagan borinn upp í heild og samþykkt einróma.

Mætt til fundar Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri Vestfjarðastofu

Formaður óskaði eftir breytingu á dagskrá og liður 4, færist frammar í dagskrá og verði liður 2 og aðrir dagskrárlíðir færast aftar sem því nemur. Tillagan samþykkt.

## 2. Könnun um viðhorf til fiskeldis og samgangna – kynning á niðurstöðum

Til máls tók Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri Vestfjarðastofu og mælti fyrir efni máls. Könnunin var unnin á síðasta hausti og er nú endurtekin frá árinu 2020, en verið er að mæla afstöðu íbúa á Vestfjörðum gagnvart fiskeldi og stöðu samgangna á Vestfjörðum. Til máls tóku auk Guðrúnar; Jóhanna, Lilja, Shiran, Kristján, Elísabet, Nanný, Aðalsteinn og Sigríður

Formaður gerði tillögu að samþykkt;

Stjórn þakkar starfsmönnum Vestfjarðastofu fyrir góða vinnu og leggur áherslu á að nýta efni könnunarinnar. Annars vegar sem lið í baráttu fyrir bættum samgöngum en hinsvegar að vinna að samfélagsátt um atvinnugreinina. Stjórn óskar eftir við framkvæmdastjóra að vinna tillögur að faglegri eftirfylgni m.a. aðgerðaplan um hagsmunagæslu og ímynd landshlutans og atvinnugreinarinnar fiskeldis og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

Tillagan samþykkt einróma.

Guðrún Anna vék af fundi.

## 3. Áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vestfjarða 2023 – 2024

Til máls tók framkvæmdastjóri og kynnti tillögur vinnuhóps stjórnar um áhersluverkefni og úrvinnslu starfsmanna á þeim. Skila þarf tillögum til stýrihóps stjórnarráðsins um byggðamál eigi síðar en 6. mars n.k.. Fram kom tillaga um áherslu er varðar kynningarverkefni með vísan til samþykktar undir 2. lið fundarins.

Til máls tóku auk Sigríðar; Jóhanna, Kristján, Shiran, Lilja og Nanný.

Shiran Þórisson, vék af fundi.

Formaður gerði tillögu að samþykkt. Stjórn samþykkir efni áhersluverkefna en felur framkvæmdastjóra að uppfæra tillögur í samræmi við umræðu á fundinum.

Tillagan samþykkt.

## 4. Siðareglur stjórnar og starfsmanna Vestfjarðastofu og FV

Til máls tók Magnús Ingi Jónsson og mælti fyrir efni máls, en um er að ræða endurskoðun á siðareglum stjórnar og starfsmanna. Tillögur voru unnar á tveim fundum vinnuhópi stjórnar ásamt framkvæmdastjóra. Magnús kynnti að hér væri leitað eftir álitum stjórnar en næsta skref samkvæmt samþykktum Vestfjarðastofu væri að vísa málinu til vinnu starfsháttarnefndar.

Í umræðu komu fram ábendingar um einstaka greinar en í heild var sátt um efni þeirra.

Til máls tóku auk Magnúsar; Kristján, Lilja, Jóhanna og Sigríður.

Formaður gerði tillögu að samþykkt; stjórn Vestfjarðastofu samþykkir efni tillagna um endurskoðun siðareglna og vísar þeim til umfjöllunar starfsháttarnefndar Vestfjarðastofu. Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirbúa síðan endurskoðun verklagsreglna fyrir starfsemi nefnda og starfshópa Vestfjarðastofu með hliðsjón af endurskoðuðum siðareglum.

## 5. Samningur við Byggðastofnun um atvinnu- og byggðapróun

Til máls tók framkvæmdastjóri, og lagði fram til endanlegrar staðfestingar á samning Byggðastofnunar og Vestfjarðastofu um atvinnu og byggðapróun á Vestfjörðum. Tillaga að samningi var áður kynnt í tölvupósti, tillagan samþykkt.

Fram kom að þessi samningur Vestfjarðastofu tekur við hlutverki eldri samnings sama efnis á milli Byggðastofnunar og Fjórðungssambands Vestfirðinga.

## 6. Aðildargjöld hagsmunaaðila – Sóknarhópur Vestfjarðastofu

Til máls tók framkvæmdastjóri og kynnti á grundvelli nýrra samþykkt Vestfjarðastofu um stofnun sóknarhóps er gerð tillaga um aðildargjald í sóknarhópi Vestfjarðastofu þ.e. fyrirtæki og einstaklingar.

Til máls tóku Jóhanna, Lilja, Kristján og Sigríður.

Formaður bar upp tillögu að aðildargjaldi Sóknarhópi Vestfjarðastofu. Tillagan samþykkt samhljóða.

Finnur Ólafsson vék af fundi.

## 7. Dagsetning ársfundar Vestfjarðastofu og stofnfundar Sóknarhóps hagsmunaaðila

Til máls tók framkvæmdastjóri og kynnti tillögu að dagsetningu og framkvæmd stofnfundar Sóknarhóps. Tillagan gerir ráð fyrir að fundurinn verði haldinn í fjarfundi á þrem stöðum á Vestfjörðum þann 26. apríl n.k.. Tillagan borinn upp og samþykkt.

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um ársfund Vestfjarðastofu um að hann verði haldinn 24. maí n.k. á Patreksfirði og í fjarfundi. Tillagan borinn upp og samþykkt.

## 8. Skýrsla framkvæmdastjóra

Til máls tók Sigríður Ó. Kristjánsdóttir og kynnti stöðu verkefna Vestfjarðastofu og árangur af starfi síðustu mánaða.

Formaður sleit nú fundi stjórnar Vestfjarðastofu en bauð stjórnarmönnum Vestfjarðastofu að sitja áfram.

Kristján og Elísabet yfirgáfu fundinn.

## Fundur stjórnar FV

## 9. Búndin framlög Jöfnunarsjóðs til landshlutasamtaka sveitarfélaga 2023

Til máls tók Aðalsteinn Óskarsson, og kynnti efni bréfs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um áætlun á framlögum ársins 2023. Sviðsstjóra falið að vinna tillögu í samræmi við umræðu á fundinum, að endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2023 í samstarfi við fjárhagsnefnd Fjórðungssambands.

Nanný Arna vék af fundi.

## 10. Dagsetningar 68. Fjórðungspings Vestfirðinga, vor og haust

Framkvæmdastjóri kynnti tillögu um dagsetningu Fjórðungspings að vori þann 12. apríl n.k., sama dag verði einnig verði haldið Orkuþing Vestfjarða í samstarfi við Bláma. Tillagan samþykkt.

Tillaga stjórnar til Fjórðungspings að vori að um Fjórðungsping að hausti verði haldið 6. og 7. október, þingið verði haldið á norðanverðum Vestfjörðum. Samþykkt samhljóða.

## 11. Lagt fram til kynningar

- a. Fundargerð 89. fundar stjórnar SSNV 10. janúar 2023  
<https://www.ssnv.is/is/moya/news/category/2/fundargerð-89-fundar-stjornar-ssnv-10-januar-2023>  
Fundargerð 90. fundar stjórnar SSNV, 7. febrúar 2023  
(sjá fundargögn)
- b. Fundargerð – 47. fundar stjórnar SSNE 18. janúar 2023 -  
<https://www.ssne.is/static/files/Fundargerdir/StjornSSNE23/fundargerð-47-fundar.pdf>
- c. 590. stjórnarfundur SASS. 3. febrúar 2023  
<https://www.sass.is/592-fundur-stjornar-sass-1/>
- d. 133. fundur stjórnar Austurbrúar 7. nóvember 2022  
[https://austurbru.is/wp-content/uploads/2023/01/ABR\\_1\\_Fundargerð\\_133.pdf](https://austurbru.is/wp-content/uploads/2023/01/ABR_1_Fundargerð_133.pdf)
- e. Endurskoðuð þingmálaskrá Alþingis, 153. löggjafarþing
- f. Byggðáætlun 2018-2022. Greinargerð innviðaráðherra um framkvæmd

## 12. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir
  - i. Samráðsgátt: Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (veiðistjórn grásleppu). Lögð fram til staðfestingar tillaga að umsögn, tillagan hafði áður verið kynnt í tölvupósti. Tillagan samþykkt.
- b. Umsagnarbeiðnir  
Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um pósthjónustu (úrþætur á póstmarkaði), 531. mál.  
Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 27. febrúar nk. á netfangið [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is). Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <https://www.althingi.is/altext/pdf/153/s/0673.pdf>  
Sviðsstjóra falið að gera tillögu að umsögn og fá staðfestingu stjórnar í tölvupósti
- c. Umsagnir til skoðunar
  1. Matvælaráðuneyti. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða (svæðaskipting strandveiða)  
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=3394](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=3394)  
Samþykkt að skila ekki umsögn.
  2. Dómsmálaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 29/2023, „Sameining héraðsdómstóla“.  
Umsagnarfrestur er til og með 24.02.2023.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar/senda inn umsögn.](#)

Samþykkt að fela sviðsstjóra að vinna að umsögn.

3. Innviðaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 33/2023, „Grænbók um húsnæðis- og mannvirkjamál“. Umsagnarfrestur er til og með 19.02.2023.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar/senda inn umsögn.](#)

Þar sem umsagnarfrestur hefur verið framlengdur til 1. mars n.k., felur stjórn sviðsstjóra að kanna áhuga sveitarfélaga Vestfjörðum fyrir sameiginlegri umsögn eða aðstoð við gerð umsagna að þeirra hálfu.

4. Matvælaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 30/2023, „Drög að þingsályktunartillögu um landbúnaðarstefnu“.

Umsagnarfrestur er til og með 24.02.2023.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar/senda inn umsögn.](#)

Samþykkt að skila ekki inn umsögn en vekja athygli sveitarfélaga á efni landbúnaðarstefnu.

5. Matvælaráðuneytið kynnir til samráðs mál nr. 31/2023, „Drög að þingsályktunartillögu um matvælastefnu“.

Umsagnarfrestur er til og með 24.02.2023.

[Smelltu hér til að skoða málið nánar/senda inn umsögn.](#)

Samþykkt að skila ekki inn umsögn

6. Tillaga til þingsályktunar: tónlistarstefna fyrir árin 2023--2030 (Mál 689)

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-eftir-thingum/ferill/?ltg=153&mnr=689>

Samþykkt að skila inn umsögn í samræmi við umræðu á fundinum.

7. Tillaga til þingsályktunar myndlistarstefna til 2030 (Mál 690)

<https://www.althingi.is/altext/153/s/1061.html>

Samþykkt að skila ekki inn umsögn.

Dagskrá nú tæmd og formaður sleit fundi kl 14.30.